



Hreppsnefnd 04.03.10

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 4. mars 2010 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar. Anna Pála Víglundsdóttir, Ólafur K. Ármannsson, Borhildur Sverrisdóttir, Halldóra S. Árnadóttir, Björn Halldórsson, Þórdís Þorbergsdóttir og Kristín H. Reynisdóttir.

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 18. feb. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 18. feb. sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. SSA, framtíðarskipulag á samstarfi sveitarfélaga.

Lagt fram erindi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi frá 28. feb. sl., varðandi framtíðarskipulag á samstarfi sveitarfélaga og stoðstofnana í SSA. Fyrirhugaður er samráðs- og vinnufundur um þessi mál mánudaginn 8. mars n. k. Kynnti oddviti málið en óskað er eftir að sveitarfélögin sendi 1 til 2 fulltrúa á fundinn. Lagt var til að fulltrúar Vopnafjarðarhrepps á fundinum verði Ólafur Ármannsson og sveitarstjóri. Fór fram umræða um málefnið en breytinga kann að vera að vænta í starfsemi SSA m. v. hugmyndir um sameiningu sveitarfélaga á Austurlandi. Fyrirliggjandi tillaga samhljóða samþykkt.

3. mál. Félag áhugamanna um matvælaframleiðslu á Vopnafirði. Ósk um tilnefningu sveitarstjórnar í stjórn.

Lagt fram bréf félags áhugamanna um matarframleiðslu á Vopnafirði. Á stofnfundi félagsins sem nefndist Matargatið var ákveðið að stjórn félagsins yrði skipuð 5 mönnum og 3 til vara, þar af skyldi einn aðalmaður vera tilnefndur af sveitarstjórn. Óskað er eftir tilnefningu sveitarstjórnar í stjórnina. Fram kom tillaga um að formaður atvinnumálanefndar, Árni Magnússon, verði fulltrú sveitarstjórnar. Tillagan samþykkt samhljóða.

4. mál. Þjóðaratkvæðagreiðsla 6. mars 2010. Ýmis gögn og upplýsingar.

Kjörskrá Vopnafjarðarhrepps við þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars 2010.

Lagður fram stofn að kjörskrá fyrir Vopnafjarðarhrepp, sem unnin hefur verið af Hagstofu Íslands. Alls eru 519 á kjörskrá Vopnafjarðarhrepps fyrir þessar kosningar, þar af eru 281 karlar og 238 konur. Ákveðið hefur verið að kjörstaður verði opinn milli kl. 10-18.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir samhljóða framlagða kjörskrá fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars n. k. eins og hún liggur fyrir og felur sveitarstjóra að yfirfara og undirrita hana.

5. mál. Bréf til ríkissaksóknara ásamt svarbréfi.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps til Ríkissaksóknara frá 17. feb. sl., varðandi málefni eignarhaldsfélag Samvinnutrygginga og fjárfestingarfélagsins Giftar. Jafnframt lagt fram bréf ríkissaksóknara frá 26. feb. sl., þar sem greint er frá því að málið hefur verið framsent til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra til frekari meðferðar.

Gerð var nánar grein fyrir málinu, m. a. sjónarmiðum lögræðings Sambands ísl. sveitarfélaga, en að hans mati er málið í eðlilegri málsmeðferð.

6. Mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Verkfundargerð vegna nýs slökkvibíls til Vopnafjarðar.

Í fundargerðinni er miðað við að bíllinn verði afhentur 29. mars. n. k. Málið nánar rætt, dags. mun standa og bíllinn afhendist á Vopnafirði. Sendinefnd skoðaði bíllinn á vettvangi nýverið og leist vel á smíðina.

b) Bréf sambands ísl. sveitarfélaga varðandi endurgreiðslu á vsk. vegna slökkvibíla. Lagt fram til kynningar.

c) HSA bréf dags. 23. feb. sl. varðandi húsaleigu fyrir lyfsölu.

Kallað hefur verið eftir viðræðum við HSA. Vakin var athygli á fyrri samskiptum við fulltrúa HSA en á ýmsu hefur borið í samskiptum aðila í millum. Fram fór umræða um málefnið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:50